

Lagning á Compact Loc

compact loc



Mjög áriðandi fyrir lagningu og meðan á henni stendur! Lesið allar leiðbeiningarnar áður en byrjað er að leggja! Um vinnu við gólfefni skv. staðlinum ATV DIN 18365 eru nánari upplýsingar á www.EPLF.com

Farið nákvæmlega eftir þessum leiðbeiningum til að halda ábyrgðinni í fullu gildi.

Allt eftir aðstæðum koma til greina mismunandi aðferðir við lagningu gólfefnisins:

1. Hraðlagning án líms

2. Lagning með Clickguard™: Þegar lagskipt gólfefni er lagt í atvinnuhúsnæði er nauðsynlegt að þetta það á eftir [10]. Clickguard™ ver gólfíð varanlega fyrir raka sem berst ofan frá. Hægt er að taka gólfefnið aftur upp og leggja það að nýju. Farið nákvæmlega eftir leiðbeiningunum þegar Clickguard™ er notað. Við þéttingu á gólfi þarf að bera hæfileg mikið Clickguard™ ofan á fjöðrina á hverju borði [10] (1x á hverja langhlið og 1x á hvern enda). Umframmagn af Clickguard™ skal hreinsa af yfirborðinu með plastsköfu eftir í mesta lagi 15 - 20 mínútur. Það sem þá kann að vera eftir má hreinsa burt með venjulegu hreingerningarefni.





Undirbúningur: Áður en gólfefnið er lagt þarf að geyma það í umbúðunum í 48 klukkustundir við sömu umhverfisaðstæður og þar sem á að leggja það [1]. Mikilvæg forsenda fyrir vel heppnaðri lagningu og góðri endingu lagskipta gólfefnisins er að lofthitastig í herberginu sé um 20°C og rakastigið 50 – 70%.

Efni og verkfæri: PE-dúk, fúgufleygar, fylliefni, hljóðdúkur, sög, blýantur, tommustokkur; [2]
ef þarf: Clickguard™, fúgufyllir

Undirlagið verður að vera þannig að hægt sé að leggja lagskipta gólfefnið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Hentugt undirlag er m.a. steinefni (t.d. gólfþússning, steinsteypa, asfalt), spónaplötur og slétt gólfborð. Undir-lagið verður að vera allveg slétt, þurr, hreint og með góða burðargetu. Ef á undirlaginu eru meiri ójöfnur en sem nemur 3 mm á 1 metra verður að slétta þær á fagmannlegan hátt (skv. DIN 18202) [3]. Til að ganga úr skugga um hvort undirlagið er nægilega slétt er best að nota réttσκεið eða langt hallamál. Þegar lagt er á undirlag úr steinefnum, t.d. steinsteypu, sementsfloti, anhydritfloti eða steinflisum verður að mæla rakann fyrst. Fyrir lagningu gólfefnisins má rakastig gólfsins ekki vera hærra en:

Sementsflot:	með gólfhitun < 1,8% CM;
	án gólfhitunar < 2,0% CM
Anhydritflot:	með gólfhitun < 0,3% CM;
	án gólfhitunar < 0,5% CM



Áður en lagskiptu gólfborðin eru lögð þarf að skoða þau í góðri birtu til að tryggja að þau séu gallalaus. Þegar búið er að leggja borðin gildir framleiðsluábyrgðin ekki lengur [4].






Lagskipta gólfefnið er lagt fljótandi; hvorki má líma, skrúfa, negla né festa það á undirlagið á annan hátt (t.d. með hurðastoppa!) [5].



Gólfteppi hentar ekki sem undirlag og verður alltaf að fjarlægja. Ef gólfteppi er undir myndast fjaðrandi hreyfing í lagskipta gólfefninu þegar gengið er á því, en það þýðir mikla spennu á jaðrana. Þetta eyðileggur bæði fjaðrinar og næturnar á borðunum. Einnig af heilbrigðisástæðum er nauðsynlegt að fjarlægja gólfteppin [6].

Hafa þarf í huga að þetta lagskipta gólfefni hentar ekki þar sem bleyta er mikil, t.d. í baðherbergi eða gufubaði [7].

Ekki má leggja PE-dúk á viðarundirlag, hvort heldur sem eru fjalir eða plötur. Þegar lagt er á undirlag úr steinefnum (steinsteypu, gólfþússningu o.s.frv.) er hins vegar nauðsynlegt að leggja rakaverjandi dúk (PE-dúk) undir og ögn upp á veggina. Dúkurinn er þá lagður þannig að hliðarnar skarist um ca. 20 cm og brúnirnar festar saman með límbandi. Mælt er með því að leggja passandi hljóðdúk á allar tegundir undirlags. Hljóðdúkurinn er lagður beint á undirlagið án þess að láta hann skarast [8].

Hægt er að nota gólfhitun (með vatni eða rafmagni) ef rétt og faglega er frá henni gengið undir lagskipta gólfefninu og notkun gólfsins er í samræmi við það sem uppgæfið er; auk þess má hitastigið undir gólfefninu aldrei og hvergi fara upp fyrir 27°C [9]. Hvað varðar lagningu gólfsins og notkun er enga kröfu hægt að gera um skaðabætur. Framleiðsluábyrgðin nær aðeins yfir það sem tekið er fram í ábyrgðarskilmálum okkar.





Áður en borðin eru lögð er ráðlegt að raða þeim þannig upp að mynstrið – ef við á einnig litasamsetningin – komi út eins og óskað er. Hins vegar ber að leggja strax úr pökkum sem búið er að opna!

Ábending um lagningu: Leggið borðin langsum með stefnu þangað sem aðalbirtan kemur frá [11].

Ef veggirnir eru ekki beinir þarf að saga fyrstu röðina af gólfefninu til svo að hún passi. Einnig þarf að mæla breidd herbergisins áður en lagt er. Skyldi við það koma í ljós að síðasta röðin verði minna en 5 cm breið þarf að jafna breiddina milli fyrstu og síðustu raðar þannig að báðar verði jafnbreiðar.

Byrjið að leggja út frá vinstra horni herbergisins. Leggið fyrsta borðið með fjöðrina upp að veggnum og skorðið með fúgufleygum þannig að bilið út að veggjunum sé rétt. Mjög áriðandi er að tryggja að bilið (þenslubilið) milli borðsins annars vegar og veggja, hitaröra, stoða eða hurðastoppa hans vegar sé alls staðar 12 – 15 mm [12].

Borði númer tvö er fyrst lyft um ca. 30° og endinn lagður upp að endanum á fyrsta borðinu, fjöðrinni síðan stungið inn í endanót fyrsta borðsins [13] og borðið þá fyrst lagt flatt niður á gólfið. Gæta þarf að því að langhliðarnar passi saman og myndi beina línu og slétt samskeyti. Þetta er nauðsynlegt til að 2. röðin liggi þétt og án rifu upp að langhliðinni á þeirri fyrstu.

Bætið síðan fleiri borðum við þar til búið er að leggja upp að enda 1. raðar.

Til þess að stilla af lengdina á síðasta borðinu í röðinni [14] er best að snúa borðinu um 180° og leggja það við hliðina á fyrstu röðinni (nót við nót) þannig að skreytta hliðin snúi upp. Frá enda borðsins upp að veggnum á að vera 12 – 15 mm bil. Næst er lengdin mörkuð á borðið og endinn sagaður af. Ef notuð er rafknúin sting- eða handsög á skreytta hliðin að snúa niður meðan sagað er til að koma í veg fyrir að flísist úr brúninni. Sé sagað með handsög er skreytta hliðin hins vegar látin snúa upp. Byrjað er að leggja hverja nýja röð með afganginum (minnst 20 cm) af því borði sem síðast var sagað af.










Í röð númer tvö er byrja á að leggja hálf t borð, e.t.v. það sem gekk af síðasta borðinu í 1. röð [15, 16]. Við það þarf að gæta að því að borðið sé ekki styttra en 30 cm og ekki lengra en 95 cm. Milli endasamskeyta tveggja samliggjanda raða verða að vera í minnsta lagi 30 cm.



Leggið fyrsta borðið í annarri röð þannig að langhliðar 1. og 2. raðar liggi samsíða hvor ofan á annarri en krækist ekki saman [16]. Með öðrum orðum að fjaðrarbrúnin í 2. röð liggi ofan á nótarbrúninni í 1. röð. Áður en borðin eru krækt saman skal leggja niður fleiri borð þar til komið er að enda 2. raðar. Lagningin fer fram á sama hátt og í 1. röð [17, 18].

Þegar öll 2. röðin hefur verið lögð við hliðina á 1. röð er byrjað vinstra megin og frambrún borðanna (þ.e. fjaðrarhliðinni, sem vísar fram í herbergið) lyft um 3 - 4 cm upp frá gólfinu [19].

Fjöðrin á hverju borði í 2. röð sem lyft er rennur inn í nót aðliggjandi borðs í 1. röð. Þegar borðið er lagt niður aftur smella samskeytin saman. Þetta er endurtekið 2. röðina á enda (líkt og rennilás!), þangað til 1. og 2. röð liggja þétt saman án rifu og án hæðarmismunar. Þegar fyrstu og annarri röð er krækt saman er afar mikilvægt að gæta að því að langhlið borðanna falli þétt og vel saman. Næstu raðir eru síðan lagðar á sama hátt og röð 2 og gætt sérstaklega að því að endasamskeytin gangi nægilega mikið á misvíxl [20].

Ef lagt er á lengri eða breiðari flöt en 8 m, einnig í mjög óreglulega löguðum herbergjum, er nauðsynlegt að hafa (minnst 2 cm breið) þenslubil [21]. Aðeins með því móti getur gólfið þanist út eða dregist saman við hita- eða rakabreytingar. Einnig þarf að hafa þetta í huga þegar lagt er beint úr einu herbergi í annað. Þá þarf að hafa þenslubil í dyragættinni. Loka má þenslubilum á faglegan hátt með þar til gerðum listum.







Fyrir hitarörum þar að bora 3 cm stærri göt en þvermál viðkomandi rörs. Endastykkið er sagað af, límborið og skorðað með fleygum þar til límið er harðnað. Að lokum er götunum lokað með ofnrörakrönsum [22, 23, 24].

Dyrastafi úr viði þarf að stytta nægilega til að pláss sé fyrir borð með hljóðdúk auk 2 – 3 mm bils [25, 26].

Að lokinni lagningu eru allir fúgufleygar fjarlægðir [28].

Til að fullkomna verkið eru gólflistaklemmurnar festar á veggina með 40 – 50 cm millibili og tilsniðnum gólflistunum smelt á [29].



Hreinsun og umhirða

Laus óhreinindi eru fjarlægð með kústi eða ryksugu með sogstykki fyrir hörð gólf [30].






Fyrir aðra reglulega hreinsun og hirðingu má aðeins nota efni sem framleiðandi lagskipta gólfefnisins mælir með. Bón og hreinsiefni með viðbótarefnum eins og vaxi, olíu og þess háttar henta ekki til hirðingar á lagskipta gólfefninu. Ekki má bóna gólfefnið [30].

Spor og venjuleg óhreinindi má þurrka af með rökum en vel undnum klút. Undir öllum kringumstæðum ber að forðast að láta vatn standa á gólfinu [31]!

Sérstakrar varúðar ber að gæta ef blómapottar eða vasar standa á gólfinu. Þá ætti að nota vatnspéttar skálar undir. Mjög fasta óhreinindabletti má meðhöndla og fjarlægja staðbundið með hreinsiuða eða asetoni. Aldrei ætti að nota viðbótar þéttiefni á yfirborð lagskipta gólfefnisins.

Athugið! Verjið gólfíð gegn rispum og höggum! Við útidyr ætti að nota nægilega stóra gólfmottu sem heldur eftir óhreinindum.

Á húsgagnafætur úr tré, málmí eða gerviefni verður að festa filltappa. Aðeins skal nota skrifstofustóla með mjúkum hjólum (DIN 12529) [32] eða venjulega hlífðarmottu. Með því að fylgja þessum ábendingum eykst ending lagskipta gólfefnisins og framleiðsluábyrgðin heldur gildi sínu.



INFO

www.laminat-installation.com

www.EPLF.com
(European Producers of
Laminate Flooring)

33